

**Ed. 174. Frumvarp til laga [107. mál]**

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

**1. gr.**

3. liður 16. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiði  $7\frac{1}{2}\%$  — sjö og hálfan af hundraði — af söluskatti þeim, sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, 1. gr., svo og  $5\%$  — fimm af hundraði — af verðtollstekjum ríkissjóðs skv. lögum nr. 7/1963, um tollskrá o. fl.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum, ársfjórðungslega eftir á.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, sem felur í sér hækkun skattsins úr  $5\frac{1}{2}\%$  í  $8\%$ , ef samþykkt verður.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru nú einn fimmti hluti  $3\%$  söluskatts þess, er lögfestur var með lögum nr. 10/1960, sbr. ákv. 5. gr. i.f. laga nr. 1/1964 og 16. gr. laga nr. 51/1964.

Þar sem fyrirhugað er, að hækkun sú á söluskattinum úr  $5\frac{1}{2}\%$  í  $8\%$  greiðist óskipt í ríkissjóð, er nauðsynlegt að gera sambærilegar breytingar á ákv. 16. gr. laga nr. 51/1964, og svarar  $7\frac{1}{2}\%$  af hinum væntanlega  $8\%$  söluskatti til  $\frac{1}{5}$  hluta af  $3\%$  söluskatti, sem Jöfnunarsjóður fær nú.

Seinni málsliður greinarinnar, sem nú gildir, er úreltur orðinn, þar eð hluti sá, sem Jöfnunarsjóði ber af söluskatti, nemur nú mun hærri fjárhæð en 56 millj. króna á ári hverju.